

Nd.

540. Frumvarp

til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar
á lóð undir skólahúsbygging.

Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í Ed.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð undir barnaskólahúsbygging og aðrar rauðsynlegar byggingar og svæði í sambandi við skólann.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í bæjarstjórninni. Bæjarsjóður Ísafjarðar greiðir allan matskostnaðinn.